



Reykjavíkuryfirlýsingin

„Barátta fyrir fullum rétti til atvinnu”

Evrópudeild Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun (Workability International – Europe) eru stærstu samtök vinnuveitenda sem veita fólki með fötlun störf, þjónustu og stuðning til starfa í Evrópu. Reykjavíkuryfirlýsingin er framlag Evrópudeildar Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun (WI-E) á Evrópuári fatlaðra, 2003.

Aðilar samtakanna veita ár hvert yfir 800.000 fötluðum Evrópubúum atvinnu eða styðja þá til atvinnuþátttöku. Við teljum að í sameiningu búi sambandsaðilar yfir þekkingu og reynslu á þessu sviði sem sé einstök. Í Reykjavíkuryfirlýsingunni er dregin upp framtíðarsýn okkar í atvinnumálum fatlaðra einstaklinga, starfsaðferðir okkar og tillögur sem vísa veginn til samskipunar í atvinnumálum í Evrópu.

Við öxlum ábyrgðina á því að berjast fyrir réttinum til atvinnu fyrir þá sem njóta þjónustu okkar – fólk með fötlun. Við ætlum að beita okkur á öllum sviðum samfélagsins, hvarvetna í Evrópu: Á Evrópuþinginu, í Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, hjá ríkisstjórnnum aðildarríkjanna og annarra Evrópulanda, í heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og hjá endurhæfingarstofnunum, í menntakerfinu og hjá atvinnurekendum, verkalýðsfélögum og samtökum fatlaðra og allra þeirra sem vinna að málefnum þeirra.

Við tölum einni röddu og leitumst við að tryggja að öll okkar áform miði að einu meginmarkmiði: Að ryðja hvers konar hindrunum úr vegi svo jöfnuður til atvinnu ríki.

Inngangur

Í mars 2002 var samin og gefin út svokölluð Madrídaryfirlýsing á Evrópuráðstefnunni um málefni fatlaðra, „Afnám mismununar og jákvæðar aðgerðir leiða til félagslegrar samþættingar“.

Madrídaryfirlýsingin hefur verið höfð til hliðsjónar við samningu þessarar yfirlýsingar. Í henni er mælt fyrir munn yfir 50 milljóna fatlaðra Evrópubúa og sett fram framtíðarsýn um samvirkt evrópskt samfélag byggt á mannréttindum, afnámi hvers kyns mismununar og jöfnun tækifæra. Litið er svo á að atvinna sé grundvallaratriði þegar stefnt er að félagslegri samþættingu Evrópu:

„Beita verður sértækum aðgerðum til að tryggja aðgang fatlaðra einstaklinga að atvinnu, sérstaklega á almennum vinnumarkaði. Það er ein mikilvægasta aðferðin til að berjast gegn félagslegri mismunun og til að styrkja fólk með fötlun í að lifa sjálfstæðir og með reisn. Þetta útheimtir ekki aðeins að virkja þurfi í meira mæli stuðningsaðila, heldur verða stjórnvöld að styrkja enn frekar þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til og eru til staðar.“

Evrópudeild Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun styður heilshugar Madrídaryfirlýsinguna. Einkum styðjum við þá nýju sýn sem fatlaðir einstaklingar setja fram um samfélag þar sem allir hafa hlutverki að gegna og við ætlum okkur að vinna í samræmi við hana í samskiptum okkar og þjónustu við fatlaða einstaklinga.

Rödd fatlaðra einstaklinga heyrir nú betur en nokkru sinni fyrr. Í Evrópu hafði Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins frumkvæði að því að sett voru á stofn Evrópusamtök fatlaðra (The European Disability Forum) og hefur stutt þau æ síðan. Nú eru þau orðin að helsta vettvangi umræðu um málefni fatlaðs fólks í álfunni. Fyrir vikið hafa þau haft mikil áhrif á félagslega og efnahagslega stefnumótun í löndum Evrópu.

Möguleikar fatlaðra einstaklinga til atvinnu eru háðir kröfum markaðarins og ástandi atvinnuveganna en einnig skiptir miklu aðgengi fatlaðra einstaklinga að menntun, almenningssamgöngum, að upplýsinganetum, þjónustu og vörum. Af þeim sökum **styður Evrópudeild Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun heilshugar tillögu Evrópusamtaka fatlaðra** um að þrýsta á undirbúning sérstakrar stefnu Evrópusambandsins á grundvelli þriðju greinar Evrópusáttmálans. Slík stefna myndi sporna gegn mismunun fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga á öðrum sviðum en þeim sem snerta atvinnumál.

Á síðustu árum hafa verið gefnar út margar skýrslur á vegum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um málefni fatlaðra einstaklinga. Stefna Evrópusambandsins í málefnum fólks með fötlun hefur verið að færast frá því að „mæta þörfum“ í átt að aukinni áherslu á réttindi fatlaðra einstaklinga. Þetta var megininntak yfirlýsingar Framkvæmdastjórnarinnar sem ber heitið „Á móts við Evrópu án þröskulda“ (Towards a barrier-free Europe) sem gefin var út árið 2000. Í henni er rakið hvernig best sé að tryggja aðgang fólks með fötlun að stofnunum, fyrirtækjum og þjónustu

samfélagsins. Nær tilskipunin yfir stóran hluta af stefnumálum ESB, allt frá baráttu gegn mismunun, til atvinnuþátttöku, samgangna og upplýsingatækni.

Aðgangur fatlaðra einstaklinga að samfélaginu skiptir ekki aðeins máli í félagslegu tilliti heldur einnig efnahagslegu. Rannsóknir sýna að þeir eru mun líklegri en aðrir til að vera án atvinnu – og það lengur – og að laun þeirra eru oft undir meðallaunum. Fjarvera fatlaðra einstaklinga frá atvinnumarkaðnum leggur miklar fjárhagslegar byrðar á opinberar stofnanir og samfélagið allt þótt öllum sé ljóst að mjög margir fatlaðir einstaklingar sækjast eftir atvinnu, sé þeim veittur viðeigandi stuðningur og tækifæri. Þetta er ástæðan fyrir því að fötlun er einn af þeim málaflökkum sem settir eru á oddinn í tilskipuninni um jafna aðstöðu til atvinnu og í verkefnaáætluninni um baráttu gegn mismunun.

Evrópudeild Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun hvetur til þess að fljótt og vel verði unnið að því að hrinda í framkvæmd tilskipun Evrópusambandsins um jafna aðstöðu á vinnumarkaði. Tilskipunin var formlega gefin út í nóvember 2000 og er ætlað að vernda fatlaða einstaklinga frá mismunun í atvinnu og starfsþjálfun.

Á alþjóðavettvangi hefur **Evrópudeild Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun fagnað frumkvæði Sameinuðu þjóðanna þar sem ákveðið hefur verið að vinna að undirbúningi yfirlýsingar um réttindi fatlaðra.** Við erum þeirrar skoðunar að rétturinn til atvinnu sé eitt af meginatriðum þessarar yfirlýsingar og erum reiðubúin að styðja eftir mætti undirbúning hennar. **Því fagnar Evrópudeild Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun skýrslu sem gefin var út fyrir skömmu af ILO, Alþjóða vinnumálastofnuninni, sem ber heitið „Réttur fatlaðra til mannsæmandi vinnu“.**

Meginmarkmið Alþjóða vinnumálastofnunarinnar er að skapa tækifæri fyrir konur og karla, þar með talið fólk með fötlun, til að fá mannsæmandi og góð störf sem byggjast á frelsi, jafnrétti, öryggi og mannlegri reisn.

Í félagi við ILO hafa atvinnurekendur sent frá sér tilkynningu sem ætluð er fyrirtækjum og atvinnurekendum sem ber yfirskriftina „Að opna möguleika – Nýtt viðskiptalíkan fyrir fólk með fötlun“. **Evrópudeild Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun er ákaflega ánægð með þetta frumkvæði atvinnurekenda.**

Fyrirtæki sem hafa framtíðarsýn og vilja til að skapa umhverfi sem eflir þátttöku ólíkra hópa samfélagsins eiga eftir að blómstra. Fatlaðir einstaklingar geta og vilja vera hluti af þessari velgengni. Þessi leið á einnig eftir að efla samfélagið á breiðari grundvelli og stuðla að uppbyggingu félagslegrar samheldni og samkeppni á markaði.

Enn vantar í umræðuna rödd þeirra þjónustuaðila sem sinna atvinnumálum fatlaðra. Dag hvern hrinda þeir í framkvæmd áformum, stefnumörkun og áætlunum. Án þeirra kæmu fyrir lítið vonir fjölmenns hóps fatlaðra einstaklinga um réttmætan sess í atvinnulífinu.

Jafnvel þótt skýr vilji sé til jafnra atvinnutækifæra og jafnréttis á vinnustöðum er ljóst að í raun er slíkt aðeins draumsýn fyrir stóran hóp fólks með fötlun. Þjónustuaðilarnir eru hins vegar mikilvæg brú milli áætlana stjórnvalda og vinnuveitenda annars vegar

og fatlaðra einstaklinga hins vegar og þjóna því hlutverki að gera draumsýnir og vonir að veruleika. Mikilvægt er að framlagi þeirra sé komið á framfæri á skilvirkan hátt.

Síðustu 15 árin hefur Evrópudeild Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun (WI-E) rannsakað gaumgæfilega margar hliðar á atvinnumálum fólks með fötlun og gefið út skýrslur og tilmæli. Þar má telja:

- Launuð störf fyrir fólk með fötlun
- Fyrirmyndar fyrirkomulag á vinnustöðum fyrir fatlaða einstaklinga
- Samstarf vinnustaða fyrir fólk með fötlun og annarra fyrirtækja
- Hagfræðileg greining á vinnustöðum fyrir fólk með fötlun
- Atvinna fyrir fólk sem býr við mikla fötlun
- Tækifæri og ógnun er felst í nýjum atvinnugreinum og vinnuaðferðum
- Aðlögun að nýjum stefnum og straumum í atvinnulífi og félaglegri samþættingu
- Styðja atvinnu fólks með þroskahömlun og geðfötlun
- Fræðsla á sviði tölvu- og upplýsingatækni og símenntun fatlaðra einstaklinga
- Hvers kyns aðbúnaður og aðlögun sem getur stuðlað að jöfnum tækifærum
- Framgangur og tilfærsla fatlaðs fólks í starfi

Fulltrúar á ársfundi Evrópudeildar Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun í Reykjavík 27. - 30. maí 2003 miðluðu þekkingu og reynslu af störfum sínum. Þetta leiddi til Reykjavíkuryfirlýsingarinnar; áætlunar um jöfn tækifæri til atvinnu fyrir fólk með fötlun í Evrópu. Hún hefur hlotið samþykki allra meðlima samtakanna og það er ósk okkar að svo muni einnig verða frá öðrum samtökum sem vinna að atvinnumálum fatlaðra einstaklinga.

Reykjavíkuryfirlýsingin er í þremur hlutum:

- **Framtíðarsýn og markmið**
- **Leiðarljós**
- **Tillögur um hvernig hægt er að stuðla að jöfnun tækifæra fyrir fatlaða einstaklinga á vinnumarkaðnum**

Framtíðarsýn og markmið

Framtíðarsýn:

Takmark okkar er að Evrópa geti státað af því að fólk með fötlun hafi jöfn tækifæri á við aðra á vinnumarkaðnum.

Markmið:

Að eftir 10 ár sé hlutfall fatlaðra einstaklinga í atvinnu jafnt því sem almennt þekkt meðal annarra vinnufærra Evrópubúa.

Að laga aðstæður á vinnustað og þjónustu að þörfum hvers fatlaðs einstaklings, þ.á.m. stuðla að jöfnum atvinnutækifærum með jákvæðum hætti.

Að koma á samstarfi við vinnuveitendur og samtök þeirra til þess að hámarka tækifæri fatlaðra einstaklinga á vinnumarkaðnum.

Að taka saman áreiðanlegar staðtölur yfir atvinnuþátttöku fatlaðra einstaklinga til þess að hægt sé að vega og meta árangur baráttunnar.

Leiðarljós

- (i) Við styðjum við bakið á fötluðum einstaklingum hvort sem þeir stefna á störf á almenna vinnumarkaðnum, í eigin atvinnurekstri á vinnustöðum fatlaðra eða í atvinnu með stuðningi.
- (ii) Allir starfsmenn gera samning, greidd eru sanngjörn laun eða önnur umbun og upplýsingar eru veittar um réttindi, þ.m.t.. réttinn til að ganga í stéttarfélög.
- (iii) Í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að finna störf á almenna vinnumarkaðnum veitum við verðug og gefandi störf innan eigin raða. Störf sem eru sambærileg við það sem tíðkast í atvinnulífinu og bjóða m.a. upp á framgang í starfi.

- (iv) Við kappkostum að efla skilning og samskipti við atvinnurekendur; sem vinnuveitendur fatlaðra einstaklinga eða væntanlega vinnuveitendur fatlaðs fólks.
- (v) Við leggjum megináherslu á það í þjónustu okkar að taka tillit til þarfa, væntinga og aðstæðna einstaklingsins með það að markmiði að virkja og efla hæfileika hans.
- (vi) Við upplýsum einstaklinginn um þá möguleika sem eru í boði og styðjum hann í að taka yfirvegaða ákvörðun í því sem hann varðar.
- (vii) Þeir sem vinna innan okkar vébanda eða njóta þjónustu okkar skulu taka þátt í öllum ákvörðunum sem þá varðar – „ekkert um fatlaða án fatlaðra“.
- (viii) Við munum hvetja og upplýsa þjónustuþega í því skyni að þeir komist út á almenna vinnumarkaðinn og finni viðunandi og varanleg störf.
- (ix) Lögð verður áhersla á þörf mikið fatlaðra einstaklinga að taka þátt í störfum á almenna vinnumarkaðnum einkum í ljósi þeirra nýju tækifæra sem tækniframfarir hafa opnað.
- (x) Við veitum eða bendum á þjálfunarleiðir eða námskeið sem bæta verklega og félagslega færni einstaklingsins. Símenntun þeirra sem eru í atvinnu verður aukin og gerð aðgengileg, einkum á sviði upplýsingatækni.
- (xi) Lögð verður áhersla á stekar hliðar einstaklingsins en ekki þær veiku í öllu starfi okkar. Kraftar verða virkjaðir og þröskuldar afnumdir til að efla atvinnuþátttöku fólks með fötlun.
- (xii) Reynslu okkar nýtum við til að beita bestu aðferðum hverju sinni og verða þær aðferðir stöðugt endurskoðaðar með hliðsjón af árangri.
- (xiii) Evrópudeild Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun kappkostar sem fyrir að vinna náið með öllum öðrum sambærilegum samtökum.
- (xiv) Þjónusta okkar stendur til boða öðrum minnihlutahópum ef talið er að hún gagnist þeim.
- (xv) Við virðum sjónarmið fatlaðra eins og þau birtast í Madrídaryfirlýsingunni.

Tillögur

Í eftirfarandi tillögum er tekið á nokkrum af þeim fjölmörgu þáttum sem hafa áhrif á aðgengi fatlaðra einstaklinga að vinnumarkaðnum:

- Ekki er hægt að meta misvægi í atvinnuþátttöku fatlaðra einstaklinga annars vegar og annars vinnufærs fólks hins vegar án ábyggilegra staðtalna frá ESB og ríkjunum sjálfum. Af sömu ástæðu er ekki heldur hægt að meta árangur þeirra aðgerða sem eiga að leiðrétta þetta meinta misvægi. Margir fatlaðir einstaklingar eru útilokaðir með öllu frá atvinnulífinu og því gefa atvinnuleysistölur einar og sér ekki góða vísbindingu um þann fjölda sem myndi vilja atvinnu ef tækifæri og stuðningur væru til staðar.
- Kostnaðinn, við að leiðrétta þetta misvægi, yrði að meta með hliðsjón af mun meiri kostnaði sem nú leggst á vegna máttlausra eða of lítilla aðgerða stjórnvalda.
- Reynslan af starfi okkar sem þjónustuveitendur sýnir að hægt er að ná umtalsverðum árangri með aðferðum sem samþykktar eru af fötluðum einstaklingum. Veita ætti fjármunum í að efla og þróa þessa árangursríku starfsemi í stað þess að dreifa fjármagni í endalausar rannsóknir og nýjar tilraunir og áætlanir. Með þessum hætti myndu fatlaðir einstaklingar fá aukinn aðgang að þjónustu sem hefur sannað gildi sitt og þar með skotið sterkum stoðum undir varanlega atvinnuþátttöku fatlaðra einstaklinga.
- Allir þurfa að leggja hönd á plóginn til að stuðla að samskipun allra íbúa Evrópu. Ríkisstjórnir verða að skapa fordæmi og setja skýr markmið. Atvinnurekendur þurfa að viðurkenna ábyrgð sína og vinna að þessum markmiðum. Fatlaðir einstaklingar og talsmenn þeirra, heilbrigðis- og endurhæfingarstofnanir, mennta- og félagsmálayfirvöld, verkalýðsfélög og fyrirtækin sjálf, þurfa að vinna saman.

Tillaga 1 – Áætlanir og bjargir

Aðilar sem vinna að atvinnumálum fatlaðra einstaklinga búa við ófullnægjandi fjármagn. Við leggjum til að meira fé verði veitt til starfsemi sem skilar árangri við að styðja og veita fötluðum einstaklingum atvinnu á almennum vinnumarkaði. Það er mikilvægt að fjárfesta í þjónustu sem skilar árangri svo hægt sé að þróa hana og bæta enn frekar.

Tillaga 2 – Styrkir til vinnustaða fyrir fatlaða einstaklinga

Vandasamt getur reynst fyrir fólk með fötlun að mæta kröfum almenna vinnumarkaðarins. Margir einstaklingar með mikla fötlun eiga erfitt með að taka að sér ýmis störf, hvort sem er í skemmri eða lengri tíma. Þeir ættu samt sem áður að fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum og þar með myndi þeim fækka sem ekki eru virkir í atvinnulífinu. Við leggjum til að framlög til sérstakra vinnustaða fyrir fatlaðra einstaklinga verði aukin og þar verði fötluðum einstaklingum gert kleift að viðá að sér þekkingu og leikni sem kynni að nýtast þeim á hinum almenna vinnumarkaði.

Tillaga 3 – Lykilhlutverk atvinnurekenda

Flestir fatlaðir einstaklingar vilja, líkt og allir aðrir, komast út á almenna vinnumarkaðinn, annað hvort á eigin vegum eða fyrir atbeina og með stuðningi þjónustuaðila. Því er mikilvægt að þessir aðilar geri sér grein fyrir hagsmunum, þörfum og kröfum vinnuveitenda. Vinnuveitendur ættu að auðvelda þetta ferli og sýna þannig jákvæða afstöðu sína í verki. Við leggjum til að atvinnurekendur í ESB-ríkjunum komi að starfi innan félagsskapar á borð við „Samtök vinnuveitenda um málefni fatlaðra“ (The Employers Forum on Disability). Slík samtök ætti einnig að stofna innan allra ríkja Evrópu.

Tillaga 4 – Samheldni og samhljómur evrópskra þjónustuaðila

Nauðsynlegt er að fyrirtæki og hvers kyns þjónustuaðilar fyrir fatlaða einstaklinga tali einum rómi til að fanga athygli Evrópuþingsins og Framkvæmdastjórnar ESB. Það myndi einnig styrkja tengsl við önnur samtök á vettvangi Evrópusamvinnunnar, t.d. UNICE, ETUC og EDF. Við leggjum til að Evrópudeild Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun og önnur sambærileg samtök komi á fót öflugum vettvangi til að tala einum rómi fyrir aukinni atvinnuþátttöku fatlaðra einstaklinga.

Tillaga 5 – Mat á árangri og stefnu

Eurostat hefur tilkynnt að stofnunin muni brátt birta árlegar staðtölur um atvinnuþátttöku og þar verði meðal annars hægt að sjá atvinnuþátttöku fatlaðra einstaklinga á vinnualdri. Í fyrsta lagi leggjum við til að hugtakið „atvinnulaus“ nái yfir alla fatlaða einstaklinga á vinnualdri sem ekki eru virkir í atvinnulífinu. Í öðru lagi á að nota þessar upplýsingar til að kanna og meta árangur af því starfi sem ætlað er að jafna misvægið í atvinnuþátttöku fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga. Upplýsingarnar auðvelda einnig hverju ríki að setja fram aðgerðaáætlanir og knýja fyrir fram jafnrétti.

Tillaga 6 – Umsóknarríkin

Grípa ætti til virkra aðgerða til að gera umsóknarríkjunum að Evrópusambandinu kleift að bæta aðgengi fatlaðra einstaklinga að vinnumarkaðnum. Reynsla Evrópudeildar Alþjóðasamtaka um vinnu og verkþjálfun gæti reynst dýrmæt til að bæta þjónustu á þessu sviði innan allra ríkja Evrópu. Við leggjum til að settir verði upp vinnuhópar innan okkar vébanda til að þróa aðgerðaáætlun til að tryggja á raunhæfan hátt að reynsla okkar sé þeim aðgengileg.